

**330. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn þriðjudaginn 1. mars 2022 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 10:00.****Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir  
Auður Kjartansdóttir  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari


Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**


- 1) **Bréf Ragnhildi Sigurðardóttur, dags. 8. febrúar 2022, varðandi ákvörðun um mögulegt UNESCO MAB svæði á Snæfellsnesi.**  
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir samhljóða erindið frá stjórn Svæðisgarðsins og lýsir hér með vilja sínum til þess að sveitarfélagið verði hluti af vistvangi, þ.e. UNESCO Man and Biosphere svæði.
- 2) **Umsókn frá Árna Rúnari Kristjánssyni, dags. 2. febrúar 2022, að fá að halda hundinn Þrumu.**  
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.
- 3) **Umsóknir frá Baldvini L Ívarssyni, ódags., að fá að halda kettina Össa, Snotru og Skottu.**  
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.
- 4) **Bréf frá Þórunni Káradóttur, dags. 7. febrúar 2022, varðandi úrsögn úr velferðarnefnd.**  
Bæjarráð samþykkir úrsögnina samhljóða og þakkar Þórunni setu hennar í velferðarnefnd.  
Bæjarstjórn mun tilnefna nýjan nefndarmann á næsta fundi í mars.
- 5) **Bréf frá íbúum í Engihlíð 18, dags. 31. janúar 2022, varðandi viðhaldsmál í blokkinni.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að senda erindið til umsjónarmanns fasteigna og tæknideildar og fela þeim að skoða þessi mál.
- 6) **Bréf frá stjórn Félags eldri borgara í Snæfellsbæ, dags. 1. febrúar 2022, varðandi Vallholt 1.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að bjóða stjórn Félags eldri borgara til fundar við bæjarráð.
- 7) **Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga, dags. 11. febrúar 2022, varðandi auglýsingu um framboð í stjórn LS.**  
Lagt fram til kynningar.
- 8) **Bréf frá Bjargi, íbúðafélagi, dags. 31. janúar 2022, varðandi samstarf um uppbyggingu leiguíbúða.**  
Fulltrúar Bjargs munu mæta með kynningu á verkefninu á næsta fund bæjarstjórnar þann 3. mars n.k.
- 9) **Bréf frá Kili, stéttarfélagi, dags. 1. febrúar 2022, varðandi könnun bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB.**  
Lagt fram til kynningar.
- 10) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 31. janúar 2022, varðandi stofnfund húsnæðis-sjálfseignarstofnunar fyrir landsbyggðina.**  
Lagt fram til kynningar.
- 11) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
  - a) Bæjarstjóri fór yfir stöðuna á Jaðri vegna covid.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:35


Alle  
FS  
Jó  
FJ

  
Júniana Björg Óttarsdóttir

  
Auður Kjartansdóttir

  
Friða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari